



Ársskýrsla BLÍ



2021-2022

Efnisyfirlit

Stjórn BLÍ.....	3
Nefndir BLÍ	4
Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2022	5
Skýrsla stjórnar BLÍ 2020-2021.....	7
Stjórn og framkvæmdastjórn	7
Móta- og dómaramál	7
Fjölmíðlar og samskipti	8
Blakfólk ársins	8
Erlend samskipti.....	8
Fjármál	8
Skólablak – verkefni BLÍ, CEV, UMFÍ, ÍSÍ og Kristals	8
Framtíðin.....	9
Skýrsla mótanefndar BLÍ	10
Skýrsla Strandblaksnefndar BLÍ	11
Skýrsla afreksnefndar BLÍ	13
Skýrsla dómaranefndar BLÍ	13
Ársreikningur 2021.....	15
Viðaukar.....	26

Blaksamband Íslands

2021-2022

Stjórn BLÍ

Formaður	Grétar Eggertsson
Varaformaður	Steinn Einarsson
Gjaldkeri	Dagbjört Víglundsdóttir
Ritari	Hrafnhildur Theódórsdóttir
Meðstjórnandi	Valgeir Bergmann
Varastjórn	Ásta Sigrún Gylfadóttir Fríða Sigurðardóttir Hildur Mósesdóttir
Framkvæmdastjóri	Sævar Már Guðmundsson
Verkefnastjóri	Óli Þór Júlíusson

Nefndir BLÍ

Mótanefnd

Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Sigríður Þórarinsdóttir
Óskar Þórðarson
Óli Þór Júlíusson

Dómaranefnd

Leifur Harðarson
Jón Ólafur Valdimarsson
Sævar Már Guðmundsson

Aganefnd

Hreggviður Norðdahl
Jason Ívarsson
Þorvaldur Sigurðsson

Skoðunarmenn reikninga

Davíð Búi Halldórsson
Hjörtur Halldórsson

Landsliðsnefnd

Steinn Einarsson
Kristján Geir Guðmundsson
Fríða Sigurðardóttir
Ásthildur Gunnarsdóttir

Yngriflokkaráð

Hafsteinn Valdimarsson, formaður
Signý Þöll Kristinsdóttir (Vesturland)
Halldór Elvarsson (Suðvesturland)
Pétur Ingi Haraldsson (Norðurland)
Sigríður Þórarinsdóttir (Austurland)

Strandblaknefnd

Valgeir Bergmann, formaður
Sigurður Garðar Barðason
Benedikt Baldur Tryggvason
Að auki eru í nefndinni mótshaldarar

Fjölmíðlafulltrúar

Sævar Már Guðmundsson

Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Andri Hnikarr Jónsson
Velina Apostolova
Valþór Ingi Karlsson
Kristín Salín Þórhallsdóttir
Steinn Einarsson

Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2022

ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi
1969	206	1983	2426	1997	1592	2011	2316
1970	237	1984	2362	1998	1217	2012	2337
1971	479	1985	2362	1999	1662	2013	2785
1972	649	1986	2775	2000	1862	2014	2987
1973	855	1987	2955	2001	1345	2015	3149
1974	1334	1988	2906	2002	1786	2016	3323
1975	1609	1989	2869	2003	1981	2017	3193
1976	1974	1990	2718	2004	1830	2018	3439
1977	2257	1991	2567	2005	1624	2019	3195
1978	2501	1992	2200	2006	1827	2020	3317
1979	2567	1993	2074	2007	1918	2021	3560
1980	2579	1994	1848	2008	2076		
1981	2513	1995	1961	2009	2005		
1982	2519	1996	1592	2010	2013		

Árสปing BLÍ 27. apríl 2022

Íþróttabandalag / Héraðssamband	Merki	Fjöldi iðkenda	Fulltrúar á þingi	Fulltr.v/stjórna
Héraðssambandið Hrafnafllóki	HHF	0	1	1
Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	HSH	178	2	1
Héraðssambandið Skarphéðinn	HSK	278	7	1
Héraðssamband Vestfirðinga	HSV	172	4	1
Héraðssamband Þingeyinga	HSP	236	6	1
Íþróttabandalag Akraness	ÍA	33	1	1
Íþróttabandalag Akureyrar	IBA	372	4	1
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	IBH	85	1	1
Íþróttabandalag Reykjavíkur	IBR	225	10	1
Íþróttabandalag Vestmannaeyja	IBV	9	0	1
Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	IRB	102	1	1
Íþróttabandalag Suðurnesja	ÍS	7	4	1
Ungmenna og íþróttasamband Austurlands	ÚÍA	503	6	1
Ungmenna og íþróttasamband Fjallabyggðar	UÍF	171	3	1
Ungmennasamband Borgarfjarðar	UMSB	15	1	1
Ungmennasamband Eyjafjarðar	UMSE	136	1	1
Ungmennasamband Kjalarnesþings	UMSK	771	12	1
Ungmennasamband Skagafjarðar	UMSS	19	1	1
Ungmennasambandið Úlfjótur	USÚ	183	1	1
Ungmennasamband V-Húnvetninga	USVH	16	1	1
Ungmennasamband V-Skaftafellssýslu	USVS	49	0	1
Samtals		3560	67	21

21 af 21 sambandsaðilar með þingfulltrúa
úr 58 félögum víðsvegar um landið
33 virkt félag með lið í Íslandsmóti 2021-2022

Samtals fulltrúar 88

Dagskrá

50. ársþing BLÍ, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík, miðvikudaginn 27. apríl 2022, kl. 16:30

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara
2. Kosning í starfsnefndir þingsins;
 - a) Kjörbréfanefnd
 - b) Fjárhagsnefnd,
 - c) Laganefnd,
 - d) Allsherjarnefnd,
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar síðasta starfsárs
5. Ávarp fulltrúa ÍSÍ
6. Ávarp annarra boðsgesta
7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs
8. Laga- og leikreglnabreytingar
9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið
10. Umræður um framkomin mál og tillögur

Þinghlé – kl.18:30 Verðlaunaafhending Lið ársins 2021-2022

11. Nefndarstörf
12. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur
13. Ákveðið gjald ævifélaga
14. Önnur mál
15. Kosningar;
 - a) tveggja meðstjórnenda til tveggja ára,
 - b) þriggja í varastjórn til eins árs,
 - c) tveggja skoðunarmanna reikninga

Þingslit

Skýrsla stjórnar BLÍ 2020-2021

Stjórn og framkvæmdastjórn

Þingheimur 49. ársþings BLÍ kaus þá Stein Einarsson og Valgeir Bergmann í stjórn sambandsins til tveggja ára. Fyrir í stjórn voru Grétar Eggertsson, Dagbjört Víglundsdóttir og Hrafnhildur Theoódórsdóttir. Í varastjórn voru þau kosin Ásta Sigrún Gylfadóttir, Fríða Sigurðardóttir og Hildur Mósesdóttir.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Formaður Grétar Eggertsson, varaformaður Steininn Einarsson, gjaldkeri Dagbjört Víglundsdóttir, ritari Hrafnhildur Theoódórsdóttir og meðstjórnandi Valgeir Bergmann.

Sævar Már Guðmundsson var framkvæmdastjóri sambandsins í fullu starfi fram til 15. apríl 2022 en lét þá af störfum eftir 16 ára farsælt starf. Í hans stað var ráðin Pálmi Blængsson og mun hann hefja störf þann 2. maí. Óli Þór Júlíusson er í fullu starfi á skrifstofu BLÍ og sér um mótamál og margvísleg verkefni. Elsa Gunnarsdóttir starfaði sem verkefnastjóri yfir skólaverkefni BLÍ og var frá miðjum apríl til enda nóvember og lét þá af störfum. Burkhard Disch er starfandi sem Afreksstjóri BLÍ og er staðsettur í Þýskalandi.

Stjórn BLÍ er með fasta stjórnarfundum fyrsta þriðjudag í mánuði en auk fastra funda eru töluverð samskipti á milli aðila.

Móta- og dómaramál

Eftir erfiðan vetur tímabilið 2020-2021 vegna COVID 19 þar sem ekki náðist að leika í neðri deildum BLÍ og aflýsa þurfti Öldungamóti BLÍ annað árið í röð, var farið af stað með jákvæðum huga af stað og vonir bundnar við að mótahald gæti orðið með eðlilegum hætti keppnistímabilið 2021-2022. Það var þó ljóst strax að hausti við værum ekki komin fyrir vind og það hefur reynt á samstarf allra aðila innan hreyfingarinnar til þess að leita allra leiða til að halda úti Íslandsmótum.

Það hefur reynt á úthald okkar allra síðustu árin en við erum farin að sjá til lands.

Á Íslandsmótinu er leikið í 3 deildum karla og 6 deildum kvenna. Alls voru 101 lið skráð til leiks á Íslandsmóti BLÍ þetta tímabilið. Í úrvalsdeild karla voru 8 lið skráð til leiks og 7 lið í úrvalsdeild kvenna. Tekist hefur að halda úti Íslandsmótum í öllum deildum en ekki án þess að hafa þurft að breyta leikjum og leikdögum sem vitað er að hafa haft áhrif á skipulagningu liða. Markmið og ábyrgð BLÍ er að halda Íslandsmót og þökkum við félögum í öllum deildum fyrir samstarfið í þeim krefjandi aðstæðum sem hafa verið og vonandi að keppnistímabilið 2022-2023 geri okkur kleift að halda því skipulagi sem sett er upp í upphafi móts.

Úrslitahelgin í Kjörísbikarkeppni BLÍ var leikin í Digranesi helgina 1.-3. apríl og þar sem Hamar varð bikarmeistari í karlaflokkum og KA í kvennaflokkum. Umgjörðin í kringum bikarkeppnina er sífellt að verða betri og er úrslitahelgin ein af mikilægustu viðburðum sambandsins. Úrslitakeppni í úrvalsdeildum stendur yfir og mun úrslitakeppnin nú í fyrsta skipti fara inn í maí mánuð.

Tölfræðigreining vegna leikja í úrvalsdeild var framkvæmd með sama hætti og áður þar sem það voru erlendir aðilar sem sáu um að færa alla tölfræði leikja. Verkefnið er í stöðugri þróun og það eru alltaf einhver atriði sem hægt er að betrumbæta. Markmið blaksambandsins með þessu fyrirkomulagi er ekki bara að halda utan um tölfræði heldur ekki síður að fá liðin til að nýta sér þessa þjónustu í sínu starfi. Það er einnig ljóst að það er mikilvægt að næstu skref verði tekin sem eru fólgin í því að hefja menntun aðila sem eru staðsettir á Íslandi til að geta tekið þessi verkefni að sér.

Í desember var verðlaunað fyrir fyrra hluta leiktímabilsins og á ársþingi BLÍ 27. apríl verður lið ársins 2021-2022 kunngjört

Það er mikið ánægjuefni Öldungamót Blaksambands Íslands, sem hefur fallið niður síðustu tvö ár, verður haldið þetta árið og er það HK sem hefur veg og vanda af mótinu. Skráning á mótið hefur verið góð og jafnvel fram

úr væntingum því það var ákveðin óvissa um hve mörg lið kæmu til leiks eftir 2ja ára hlé. Það verður því kærkomin blakveisla dagana 28. apríl – 1. maí þegar saman koma tæplega 140 lið til þess að hefja aftur leik.

Ágætlega tókst að fá dómara til starfa en ennþá er áskorunin að fjölga í dómarastéttinni. Það er bæði áhugi og vilji hjá dómurum til þess að bæði fjölga í stéttinni en ekki síður að auka fræðslu og námskeið. Á nýju starfsári verður lögð áhersla að efla dómarastarfið og fjölga nýliðum. Dómarar eru mjög mikilvægur hluti af íþróttinni og því þarf að efla allt starf í kringum dómarastéttina.

Fjölmiðlar og samskipti

Hægt gengur að auka sýnileika íþróttarinnar hjá fjölmiðlum en þetta er og verður ávallt eitt af stóru verkefnum sambandsins. Blakfréttir.is hættu starfsemi árinu og er mikil eftirsjá í þeim miðli en hann var sá eini sem sérhæfði sig í umfjöllun um blak á Íslandi. Ráðist verður í það á næstu vikum að fara yfir núverandi starfsár með tilliti til sýnileika íþróttarinnar og horfa til þess næsta með þeim augum um hvernig við viljum markvisst ná meiri athygli og útbreiðslu á umfjöllun um blak. Það er á ábyrgð okkar allra að koma frá okkur efni til fjölmiðla á meðan ekki er verið að sýna íþróttinni athygli frá íþróttamiðlum.

Tilraun var gerð á úrslitahelgi Kjörísbikarins varðandi sýnileika á samfélagsmiðlum, Instagram og Facebook, þar sem samfélagsmiðlaverkefnum var útvistað til valinna sjálfboðaliða. Það verkefni gekk mjög vel og vil blaksambandið þakka þeim sem tóku þetta verkefni að sér fyrir sína vinnu. Frá og með næsta keppnistímabili er það áskorun og markmið blaksambandsins að umfjöllun og sýnileiki íþróttarinnar verði með meiri og skilvirkari hætti en áður.

Blakfólk ársins

Ragnar Ingi Axelsson og Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir voru blakfólk ársins 2021. Á árinu unnu þau bæði til fjölmargra verðlauna. Ragnar Ingi er leikmaður Hamars í Hveragerði og Jóna Guðlaug leikmaður Hylte/Halmstad í Svíþjóð.

Erlend samskipti

Formaður BLÍ og varaformaður tóku þátt ársþingi CEV sem haldið var í september 2021. Þá voru ýmsir rafrænir fundir með erlendum aðilum sem bæði formaður og framkvæmdastjóri tóku þátt í en lítið var um ferðalög til útlanda á starfsárinu.

Fjármál

Starfsemi sambandsins er ekki komin í fulla virkni eftir erfiða tíma í en samt er töluverð breyting frá fyrra ári þar sem veltan hefur farið úr rúmum 42 milljónum árið 2020 í tæplega 75.000 árið 2021. Nánari upplýsingar eru í ársreikningi fyrir árið 2021.

Skólablak – verkefni BLÍ, CEV, UMFÍ, ÍSÍ og Kristals

Blaksamband Íslands ásamt CEV, UMFÍ, ÍSÍ OG ÖLGERÐINNI (KRISTAL) stóðu fyrir Skólablak verkefni í október 2021. Undirbúningur að verkefninu hófst í apríl sama ár þegar samstarfshópur var skipaður með aðilum frá öllum hagsmunasamstökum. Í maí var ráðin verkefnistjóri til að halda utan um verkefni og sinnti hún verkefninu í 100% starfi allt til loka. Undirbúningur stóð yfir allt sumarið en fór svo í gang af enn meiri krafti í lok ágúst þegar skólarnir tóku aftur til starfa og hægt var að ná til stjórnenda og kennara. Öllum krökkum í 4.-6. Bekk í öllum skólum (493 skólar) var boðin þátttaka en það var svo undir skólunum komið hvort þau mættu eða ekki og hvort það væri skylda fyrir krakkana í þessum bekkjum að mæta eða hvort það væri val. Samtals tóku 55 skólar þátt í verkefninu og um 2.800 þau voru haldnir 11 viðburðir á 10 stöðum um landið frá 4. október til 29. Október. Staðirnir voru: Reyðarfjörður, Akranes, Ísafjörður, Hveragerði, Reykjanesbær, Reykjavík(x2), Kópavogur, Hafnarfjörður, Akureyri og Mosfellsbær.

Í heildina tókst þetta verkefni með eindæmum vel. Allir krakkarnir sem tóku þátt voru virkilega ánægð með þetta og skemmtu sér konunglega. Eins má segja með þá kennara sem mættu þar sem allir voru sammála um að þetta væri frábær tilbreyting inni í þróttakennsluna.

Fjöldi skóla sem var boðið: 493

Fjöldi skóla sem tók þátt: 55

Fjöldi barna sem tóku þátt: 2717

Fjöldi barna í fjórða bekk: 654

Fjöldi barna í fimmta bekk: 1034

Fjöldi barna í sjötta bekk: 1029

Samtals fjöldi viðburða: 11

Fjöldi félaga sem hjálpuðu til við uppsetningu: 14

Fjöldi félaga sem aðstoðuðu á viðburðardegi: 7

Fjöldi félaga sem aðstoðuðu við frágang: 10

	4 bekkur	5 bekkur	6 bekkur	Total
Akranes		69	73	142
Akureyri	124	119	145	388
Hafnarfjörður	138	138	147	423
Hveragerði	15	10	9	34
Ísafjörður	50	65	63	178
Kópavogur	118	230	236	584
Mosfellsbær	10	133	83	226
Reyðarfjörður	66	46	65	177
Reykjanesbær	89	98	72	259
Reykjavík	44	126	136	306
Total	654	1034	1029	2717

Viðburður Fjöldi skóla

Akranes	1
Akureyri	12
Hafnarfjörður	6
Hveragerði	2
Ísafjörður	4
Kópavogur	9
Mosfellsbær	3
Reyðarfjörður	4
Reykjanesbær	8
Reykjavík	6
Samtals:	55

Framtíðin

Orðið sem hefur einkennt síðustu starfsár er sveigjanleiki, þar sem verkefnin hafa oftast en ekki snúist um að mæta þeim breytingum sem faraldurinn hefur knúið okkur til að gera. Stór hluti af starfi starfsmanna og stjórnar BLÍ hefur á undanförunum misserum snúist um að mæta þeim áskorunum sem hafa falist í því að geta haldið úti virku starfi. Sama áskorun hefur verið á félögin og því hefur reynt á úthald allra aðila. Blaksambandið vill því sérstaklega að þakka þeim fjölmörgu sjálboðaliðum innan hvers félags fyrir þá þrautseigju að halda úti starfinu á þessum erfiðu tímum. Þessar aðstæður hafa leitt til þess að uppbygging á meðal annars á afreksstarfi, þjálfaramenntun, fræðslu og útbreiðsluverkefnum hefur verið mikil áskorun og alveg ljóst að við vildum gjarnan vera komin lengra með mörg verkefni en þó hafa verið tekin góð og jákvæð skref.

Verkefnin eru mörg og öll eru þau mikilvæg. Efling á barna- og unglingastarfi, áframhaldandi uppbygging menntunar þjálfara og dómara eru meðal þeirra verkefna en einnig er mikilvægt að tryggja að þátttaka og starfið í kringum öldungahópinn verði með góðum hætti.

Það er því sérstaklega ánægjulegt að framundan sé 46. Öldungamót Blaksambands Íslands sem ber heitið „Undir sama þaki“ og verður í Kórnum í Kópavogi. Það er mikilvægt að við náum blakfjölskyldunni saman aftur til leiks og starfa eftir tveggja ára hlé.

Krefjandi ár eru að baki og framundan eru tímar með tækifæri til að efla íþróttina bæði innan vallar og utan. Til þess að við náum þeim árangri og markmiðum sem stefnt er að, þá þurfum við að snúa bökum saman og vera tilbúin til þess að taka næstu skref til framtíðar. Stjórn Blaksambands Íslands þakkar stuðningsaðilum sambandsins fyrir þeirra stuðning við hreyfinguna og ekki síður vill blaksambandið þakka öllum þeim sem störfuðu í þágu hreyfingarinnar á síðasta starfsári.

Stjórn Blaksambands Íslands

Skýrsla mótanefndar BLÍ

Fyrir keppnistímabilið 2021-2022 voru það Sigurbjörn Árni Arngrímsson, formaður mótanefndar BLÍ, Óskar Þórðarson og Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir sem skipuðu mótanefnd. Óli Þór Júlíusson er mótastjóri og vinnur það í samstarfi við mótanefnd.

Mótamál meistaraflokka

Það er ánægjulegt að geta sagt frá því að mótahald vetrarins fór fram venju samkvæmt að stærstum hluta til í efstu og næst efstu deild karla og kvenna eftir tveggja ára baráttu við Kórónuveiruna. Einhverjar frestanir urðu á leikjum félaga vegna Covid smita en allir deildarleikir voru kláraðir og er úrslitakeppnin í gangi sem stendur og lýkur í síðasta lagi helgina 7.-8. maí nk.

Lengja þurfti keppnistímabilið um rétt rúmar tvær vikur vegna frestana og FINAL-4 í Kjörísbikarnum. Íslandsmót neðri deilda lenti aðeins verr í því vegna samkomutakmarkanna og mikils fjölda Covid smita. Í desember var ljóst að ekki yrði hægt að halda helgarmót nr.2 og því frestað. Að endingu var helgarmót nr. 2 leikið í lok febrúar og úrslitahelgin hélt sinni upphaflegu dagsetningu í lok mars. Búið er að krýna Íslandsmeistara í öllum neðri deildum. Hægt er að skoða úrslit leikja og stöðutöflur deilda inn á heimasíðu BLÍ.

Skráð til leiks í Íslandsmótið í ár voru í heildina 101 lið í fjórum karladeildum og sjö kvennadeildum. Keppnistímabilið hófst með leikjum í meistarakeppni BLÍ þar sem Íslandsmeistarar og bikarmeistarar frá liðnu tímabili mættust í árlegum leik. Hamar vann lið Aftureldingar í karlaflokki og Afturelding vann lið HK í kvennaflokki en báðir leikir fóru fram að Varmá í Mosfellsbæ.

Deildakeppni í efstu tveimur deildum karla og kvenna hófst með hefðbundnu sniði um miðjan september mánuð og lauk um 10. apríl sl. KA er deildarmeistari Úrvalsdeildar kvenna á tímabilinu og Hamar deildarmeistari í Úrvalsdeild karla. Úrslitakeppni Úrvalsdeildar er með hefðbundnu sniði í ár þar sem fjögur efstu liðin komast í úrslitakeppnina. Vinna þarf tvo leiki í undanúrslitum til að tryggja sæti í úrslitaeinvíginu. Í úrslitunum sjálfum þarf að vinna þrjá leiki til að hampa Íslandsmeistaratitlinum. Hamar og HK mætast í úrslitaeinvígi karla og í kvennaflokki eru það Afturelding og KA sem berjast um Íslandsmeistaratitlinn.

Skráning var heldur dræm í Bikarkeppni BLÍ þetta tímabilið og voru einungis 9 karlalið skráð til leiks og 8 kvennalið. Farið var beint í 8 liða kvenna en í karlaflokki þurfti að leika einn leik áður en farið var í 8 liða úrslitin. Bikarhelgi BLÍ, FINAL-4, fór fram 1.-3. apríl í Digranesi og voru leiknir undanúrslita- og úrslitaleikir í karla- og kvennaflokki. Karlalið Hamars og kvennalið KA fóru með sigur að hólmi og eru Kjörísbikarmeistarar 2022. Öll úrslit og tölfræði úr leikjum má finna á heimasíðu BLÍ.

Mótamál yngri flokka

Eftir nánast tveggja ára pásu frá keppni var lagt upp með að nóg yrði að verkefnum fyrir yngri flokkana. Í mótadagatali BLÍ var gert ráð fyrir sex héraðsmótum sem var fjölgun um þrjú mót frá árinu áður. Mótanefnd sá alfarið um mótamál yngri flokka og hefur í samstarfi við Vettvang Íþróttta sett upp Íslandsmót og bikarmót á árinu. Keppt var í keppnisflokkunum U16, U14 og U12 á Íslandsmótinu í ár og U16 og U14 á bikarmótinu. Íslandsmótinu lýkur í maí mánuði og þá verða krýndir Íslansmeistarar í ofangreindum keppnisflokkum. Töluverð fjölgun hefur átt sér stað í yngri flokkunum og er það ánægjuleg þróun.

Öll úrslit úr bikarkeppni og Íslandsmóti yngri flokka má finna á heimasíðu BLÍ.

Mótanefnd BLÍ

Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir

Óskar Þórðarson

Skýrsla Strandblaksnefndar BLÍ

Strandblaksnefnd BLÍ sumarið 2021 var skipuð Valgeiri Bergmann, Benedikt Baldri Tryggvasyni og Sigurði Garðari Barðasyni. Eftir að ljóst varð hvar mót sumarsins yrðu haldin var mótsstjórum boðin þátttaka í fundum strandblaksnefndar. Formlegir fundir strandblaksnefndar voru um 8 talsins en fleiri óformlegir fundir voru haldnir fyrir hvert mót.

Stigakerfi strandblaksnefndar var uppfært fyrir sumarið, m.a. með það að markmiði að auðvelda færslu á milli deilda og mæta þannig þeirri miklu fjölgun iðkenda sem orðið hefur á undanförunum árum.

Auk mótahalds og annarra starfa kom strandblaksnefnd að dómaramámskeiði sem haldið var í janúar 2022 í fjarfundi en mjög dræm þátttaka var á námskeiðinu.

Mótahald og keppni

Segja má að algjör sprenging hafi orðið í þátttöku í strandblaksmótum síðasta sumar þrátt fyrir Covid-takmarkanir sem höfðu umtalsverð áhrif á umgjörð móta og mótahald.

Á vegum strandblaksnefndar voru haldin fjögur stigamót auk Íslandsmóts:

Mót	Dags.	Mótshaldari	Fjöldi liða
Stigamót 1	18. - 20. júní 2021	Þróttur Reykjavík	70 lið
Stigamót 2	1. - 4. júlí 2021	Höfrungur	57 lið
Stigamót 3	15. - 18. júlí 2021	HK	42 lið
Stigamót 4	5. - 8. ágúst 2021	KA	50 lið
Íslandsmót í strandblaki	19.- 22. ágúst 2021	HK	66 lið

Tvö íslensk strandblakspör kepptu á erlendri grundu síðasta sumar:

- Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir tóku þátt í dönsku mótaröðinni og 5 mótum í FIVB heimstúrnum í strandblaki.
- Thelma Dögg Grétarsdóttir og Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir tóku þátt í ítölsku mótaröðinni og 3 mótum í FIVB heimstúrnum í strandblaki.

Þá var í fyrsta skipti spilað strandblak á Reykjavíkurlaikunum (RIG 2022) sem haldnir eru í lok janúar ár hvert. Spilað var eftir fyrirkomulaginu kóngur/drottning vallarins sem þótti koma vel út. Mótið var haldið í Sandkastalanum, nýopnuðu strandblakshúsi í Reykjavík, enda árstíminn óheppilegur fyrir strandblak utandyra. Úrslit mótsins voru sýnd í beinni útsendingu á RÚV. Búið er að staðfesta að strandblak verður

einnig á næstu Reykjavíkurlíkjum og þá með sama fyrirkomulagi og líkleg dagsetning verður 28.-31. janúar. Markmið með næstu leikjum er að fjölga erlendum keppendum og þá horfa til norðurlandanna í því samhengi.

Stigameistarar 2021

Í karlaflokki varð Piotr Slawomir Kempisty stigameistari með 515 stig.

Þrátt fyrir að hafa misst af síðasta stigamótinu varð strandblaksparið Matthildur Einarsdóttir og Sara Ósk Stefánsdóttir stigahæst í kvennaflokki með 435 stig hvor.

Íslandsmeistarar 2021

Í karlaflokki urðu þeir Miguel Mateo Castrillo og Oscar Fernández Íslandsmeistarar en þeir unnu báðar hrinur 21-17 á móti Piotr og Mateusz Jozef Blic í úrslitum.

Í kvennaflokki urðu Thelma Dögg Grétarsdóttir og Hjördís Eiríksdóttir Íslandsmeistarar en þær unnu Söru og Matthildi í úrslitaleik 21-19 og 21-18.

Í unglingaflokki urðu Auður Pétursdóttir og Ísold Vera Viðarsdóttir Íslandsmeistarar í stúlknaflokki og í drengjaflokki þeir Sigurður Kári Harðarson og Jökull Jóhannsson.

Lokaorð

Strandblak á Íslandi er komið til að vera. Strandblaksvöllum fjölgar og aðstaða til iðkunar verður sífellt betri. Ástæða er til að þakka stofnendum og rekstraraðilum Sandkastalans sérstaklega fyrir sitt framlag með opnun innanhússaðstöðu fyrir strandblak. Strandblaksnefnd óskar þeim alls hins besta í þeim rekstri.

Þá er ástæða til að segja frá því að BLÍ hefur fundað með FIVB um hvort hægt sé að halda mót á vegum Volleyball World Beach Pro Tour á Íslandi sumarið 2023. Ljóst er skv. fyrstu fundum að slíkt mót verður ekki haldið nema með aðkomu íslenskra stjórnvalda.

Það er von nefndarinnar að bætt aðstaða og aukinn áhugi á íþróttinni skili fleiri íslenskum strandblakspörum inn á stórmót erlendis í náinni framtíð.

Fyrir hönd strandblaksnefndar BLÍ,

Valgeir Bergmann, Benedikt Baldur Tryggvason, Sigurður Garðar Barðason.



Mynd frá Íslandsmótinu í Strandblaki 2021. (Ljós. Valli Bergmann)

Skýrsla afreksnefndar BLÍ

Í afreksnefnd voru Steinn G. Einarsson formaður, Fríða Sigurðardóttir, Kristján Guðmundsson og Ólafur J. Júlíusson

Við höfum aftur landsliðstarf hjá okkur um haustið er yngri landsliðin okkar tóku þátt í nokkrum mótum bæði hér heima og erlendis.

Fyrsta verkefni okkar með landsliðin var U19 keppni stúlkna í smáþjóða samstarfinu sem haldin var á Laugarvatni dagana 3. til 5. september. Þátttöku þjóðir auk okkar voru Malta, Gíbraltar og Færeyjar. Stúlkurnar okkar spiluðu vel og var lokaleikurinn gegn Færeyjum virkilega góður og skilaði sá leikur gullverðlaunum til Íslands á mótinu.

U17 liðin okkar fóru til Íkast í Danmörku október, þar sem stúlkurnar okkar stóðu uppi sem sigurvegarar. Strákarnir okkar sýndu fína takta og stóðu sig vel, enduðu þeir í 4 sæti.

Voru fjórar af stelpunum valdar í lið mótsins, þær Lelja Sara Hadziredzepovic, Sóldís Björk Leifsdóttir, Heba Sól Stefánsdóttir og Agnes Björk Ágústsdóttir. Þá var Sóldís Björk Leifsdóttir valin verðmætasti leikmaður mótsins.

Nevza U19 í Rovaniemi í Finnlandi. Bæði lið áttu flotta leiki á móti sterkum andstæðingum og sáum við á þessu móti að við eigum marga efnilega leikmenn sem verður spennandi að fylgjast með á næstu árum. Bæði lið lentu í næst neðsta sæti á mótinu. Jóna Arnarsdóttir og Valens Ingimundarson voru valin bestu leikmenn Íslands á mótinu.

U17 stúlkur og U18 drengir tóku þátt í undankeppni Evrópumóts landsliða í desember. Bæði lið kepptu í Danmörku, drengir fóru til Árre og stúlkurnar fóru til Köge. Það var vitað fyrir mót að þetta yrði mjög krefjandi verkefni hjá okkur en bæði lið lögðu sig 100 % fram og voru okkur til sóma innan sem utan vallar.

A landsliðin okkar áttu að keppa í móti í Luxemborg á milli jóla og nýárs, en vegna Covid þá var mótið slegið af á síðustu metrunum. Okkur tókst samt að ná æfingum með báðum liðum fyrir jól og var virkilega ánægjulegt að sjá liðin koma saman og æfa. Mikill hugur var í leikmönnum fyrir verkefninu í Luxemborg og þrátt fyrir að ekki hafi neitt orðið af því þá var nauðsynlegt að liðin kæmu saman enda stórt verkefni framundan á árinu 2022 þar sem bæði lið taka þátt í undankeppni Evrópumótsins.

Ákveðið var að horfa lengra fram í tímann en áður varðandi keppni hjá landsliðinu okkar og erum við komin með áætlun fyrir keppnisplan til ársins 2025 fyrir öll landslið Íslands. Við viljum sjá lengra fram í tímann til að auðveldara sé að undirbúa okkur og að leikmenn viti hver stefna okkar er með keppnir til lengri tíma.

Við munum sumarið 2025 halda loka keppni í Evrópukeppni U16 stúlka í samstarfi við Færeyjar. Er þetta virkilega spennandi verkefni fyrir okkur og munum við hefja undirbúning á þessu ári vegna þess.

Afreksnefnd BLÍ - Steinn Einarsson

Skýrsla dómarnefndar BLÍ

Í nefndinni voru Jason Ívarsson, Jón Ólafur Valdimarsson og Sigríður Pálsdóttir. Sævar Már Guðmundsson var starfsmaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með dómaramálum á Íslandi.

Dómarnefnd sinnir fræðslu og þjálfun dómara og það er nauðsynlegt fyrir þá að halda kunnáttu sinni við til dæmis með að skoða rafrænar kennslumyndir o.s.frv.

Að venju var haldinn fundur með dómurum áður en keppnistímabilið hófst. Þar var farið yfir helstu atriði sem varða dómara og dómgæslu þeirra.

Það gekk ágætlega að manna leiki tímabilsins en vegna þess hversu fáir dómara eru utan höfuðborgarsvæðisins þá þurfti nokkuð oft að senda dómara á milli landshluta. Það er að sjálfsögðu af hinu góða að dómara fái tækifæri til þess að dæma annars staðar en í sinni heimabyggð en það hefur óhjákvæmilega aukinn kostnað í för með sér. Það er kannski komið að því að ákveða hversu mikið á að leggja í dómaraferðalög á milli landshluta. Það er ljóst að það þarf að fjölga dómurum og félögin verða að vera duglegri að hvetja liðsmenn sína til þess að fara á dómaraámskeið og taka að sér dómgæslu í framhaldinu.

Alþjóðlegu dómarnir fengu ekki mörg verkefni á tímabilinu en þeir og aðrir landsdómarar dæmdu m.a. á NEVZA og SCA mótum.

Dómaranefndin þakkar öllum þeim dómurum sem störfuðu á síðasta starfsári fyrir vel unnin störf sem eru oft og tíðum vanþakklát

Dómaranefnd BLÍ



Blaksamband Íslands

Ársreikningur 2021

Unnið af Halldóru Sævarsdóttur

Blaksamband Íslands

Áritun stjórnar


Ársreikningur þessi fyrir árið 2021 er saminn skv. viðurkenndum bókhaldsvenjum og reglum þeim er Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands hefur samræmt fyrir sambandsaðila sína.

Ársreikningur Blaksambands Íslands samanstendur af rekstrarreikningi fyrir árið 2021, efnahagsreikningi þann 31. desember 2021 auk sundurliðana.

Við teljum að hann endurspegli afkomu Blaksambands Íslands fyrir ofangreint starfsár og samþykkjum hann hér með undirritun okkar


Sævar Már Guðmundsson
framkvæmdastjóri BLÍ


Grétar Eggertsson
formaður BLÍ


Dagbjört Viglundsdóttir
gjaldkeri BLÍ


Áritun skoðunarmanna BLÍ

Við undirritaðir skoðunarmenn BLÍ höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2021. Við höfum yfirfarið efnahagsliði í árslok og fengið greið svör við öllum fyrirspurnum.

Við leggjum því til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Akureyri, 22. apríl 2022


Hjörtur Bjarki Halldórsson
kjörinn skoðunarmaður


Davíð Búi Halldórsson
kjörinn skoðunarmaður

Rekstrarreikningur ársins 2021

	skýr	2021	2020
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir.....	1	33.135.602	29.530.132
Mótatekjur.....	2	22.103.523	8.422.459
Aðrar tekjur.....	3	19.686.523	4.249.433
		<u>74.925.923</u>	<u>42.202.024</u>
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn.....	4	26.133.427	18.669.816
Íþróttaleg viðskipti.....	5	37.484.144	14.746.952
Kynning og fræðsla.....	6	7.635.682	1.605.984
Önnur gjöld.....	7	314.884	173.167
Afskriftir.....	8	250.000	501.000
		<u>71.818.137</u>	<u>35.696.919</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		3.107.786	6.505.105
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....	9	61.704	124.628
Vaxtagjöld.....	10	(331.593)	(436.015)
		<u>(269.889)</u>	<u>(311.387)</u>
Hagnaður ársins		<u>2.837.897</u>	<u>118.339</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	skýr	2021	2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	11	346.086	346.086
Blakdúkur.....	12	<u>250.000</u>	<u>500.000</u>
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>596.086</u>	<u>846.086</u>
 Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	13	4.422.458	5.696.124
Aðrar skammtímakröfur.....	13	2.185.690	0
Handbært fé	14	<u>8.715.376</u>	<u>7.911.339</u>
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>15.323.524</u>	<u>13.607.463</u>
 Eignir samtals		<u><u>15.323.524</u></u>	<u><u>14.453.549</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	skýr	2021	2020
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé.....	15	<u>12.832.152</u>	<u>9.994.255</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>12.832.152</u>	<u>9.994.255</u>
 Skammtímaskuldir			
Yfirdráttur bankareikninga.....	16	0	0
Viðskiptareikningur ÍSÍ.....	17	0	0
Ógreiddur kostnaður.....	18	2.338.690	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	19	<u>748.768</u>	<u>4.459.294</u>
<i>Skuldir samtals</i>		<u>3.087.458</u>	<u>4.459.294</u>
 Eigið fé og skuldir samtals			
		<u>15.919.610</u>	<u>14.453.549</u>

Sundurliðanir

Tekjur

2021

2020

Framlög og styrkir

Útbreiðslustyrkur ÍSí.....	4.169.087	3.785.200	
Lottó.....	12.090.080	11.237.431	
Erasmus.....	2.656.725	496.039	
Afreksstyrkir ÍSí.....	9.448.233	6.748.475	
Ríkisstyrkur.....	3.140.000	5.109.285	
Aðrir styrkir.....	1.631.477	2.153.702	
	<u>33.135.602</u>	<u>29.530.132</u>	1

15100 Bikarkeppni

Þátttökugjöld.....	729.420	166.000	
styrktaraðilar.....	2.125.000	0	
aðgangseyrir.....	594.000	0	
	<u>3.448.420</u>	<u>166.000</u>	2

15200 Íslandsmót

Þátttökugjald.....	13.772.870	7.917.359	
fjölmiðlagjald.....			
styrktaraðilar.....			
	<u>13.772.870</u>	<u>7.917.359</u>	2

2021

2020

15400 Strandblaksmót

Þátttökugjöld.....	1.893.220	339.100	
styrktaraðilar.....			
	<u>1.893.220</u>	<u>339.100</u>	2

15550 Alþjóðamót

Tekjur v/EM frá þjóðum og CEV ofl.....	2.989.288	0	
	<u>2.989.288</u>	<u>0</u>	2

Mótatekjur samtals

22.103.798 8.422.459

Fjáraflanir

13000 Yngriflokkaneftnd

Þátttökugjöld Öldungamót BLÍ.....			
Afreksbúðir BLÍ.....	4.485.420		
Blak í skóla / hæfileikabúðir.....	1.606.340	216.336	
	<u>6.091.760</u>	<u>216.336</u>	3

14100 A Landslið karla

Ferðagjald.....	0	436.500	
Styrkir.....	0		
	<u>0</u>	<u>436.500</u>	3

14200 A landslið kvenna

Ferðagjald.....	0	335.195	
Styrkir.....			
	<u>0</u>	<u>335.195</u>	3

Sundurliðanir

	2021	2020	
14400 U 19			
ferðagjald.....	2.630.000		
Styrkir.....			
	2.630.000	0	3
14500 U 17			
ferðagjald.....	3.003.000		
sala styrkir.....	144.000		
	3.147.000	0	3
Aðrar fjáraflanir			
Landslið.....	0	0	
Iðkendamjald.....	3.937.710	2.039.500	
	3.937.710	2.039.500	3
Annað			
Félagaskipti.....	950.500	830.808	
Sala fræðsluefnis.....	0	50.000	
Aðrar tekjur Vinnumálastofnun.....	2.959.553	341.094	
	3.880.053	1.221.902	3
Aðrar tekjur samtals	19.686.523	4.249.433	3

Gjöld

	2021	2020	
Laun og launatengd gjöld			
Laun.....	16.051.700	10.250.875	
Tryggingagjald.....	1.098.396	728.507	
Mótframlag í lífsj.....	1.633.766	1.016.625	
Mótframlag í séreignarsjóð.....	321.034	205.019	
Endurhæfingasjóður.....	16.057	10.252	
Mótframlag til stéttarfélags.....	243.958	155.185	
Dagpeningar.....	2.172.000	1.588.400	
	21.536.911	13.954.863	4
32000 Stjórnunarkostnaður			
Funda og þingkostnaður.....	484.702	503.779	
Kaffikostnaður og risna.....	630.525	403.449	
Tölvukostnaður heimasíða.....	1.074.311	676.208	
Lögfræðikostnaður.....	0	284.069	
Vegna funda erlendis.....	0	261.810	
Húsaleiga.....	649.800	618.798	
	2.839.338	2.748.113	4

Sundurliðanir

	2021	2020	
Sími.....	227.785	204.586	
Ritföng.....	81.006	83.770	
Prentun.....	0	10.000	
Póstkostnaður.....	250	4.482	
Gjaldfærð áhöld.....	577.258	965.835	
Annar skrifstofukostnaður.....	870.879	698.167	
	<u>1.757.879</u>	<u>1.966.840</u>	4
Yfirstjórn samtals	26.133.427	18.669.816	
34100 A-landslið karla			
Ferðir karla.....	396.936	791.265	
Gisting og uppihald.....	0	166.950	
Ferðakostaður innanlands kk.....	145.901	158.399	
Búningar.....	0	46.596	
Leyfisgjöld og tryggingar.....	0	74.777	
Fagteymi.....	47.597	614.659	
Þjálfarar.....	845.000	951.984	
Annað.....	310.185	97.176	
	<u>1.745.619</u>	<u>2.901.806</u>	5
34200 A-landslið kvenna			
Ferðir kvenna.....	0	573.860	
Leyfisgjöld og tryggingar.....	0	74.778	
Fagteymi.....	48.251	534.550	
Ferðakostnaður innanlands	0	227.399	
Þjálfarar.....	392.213	1.458.019	
Afreksstjóri.....	852.235		
Annað.....	49.859	84.600	
	<u>1.342.558</u>	<u>2.953.206</u>	5
36000 Strandblak - landslið			
Ferðir.....		188.874	
Gisting.....	306.413		
Ferðakostnaður innanlands			
	<u>306.413</u>	<u>188.874</u>	5

Sundurliðanir

	2021	2020	
37000 U 19			
Ferðir	3.958.159	67.676	
Gisting og uppihald u19.....	1.623.116		
Fagteymi.....	319.324		
Ferðakostnaður innanlands	1.281.198	130.140	
Þjálfarar.....	517.463	117.000	
Annað.....	237.701	67.075	
	<u>7.936.961</u>	<u>381.891</u>	5
57000 U 17			
Ferðir kvk.....	5.467.323		
Gisting og uppihald.....	1.589.405		
Fagteymi.....	317.429		
Ferðakostnaður innanlands.....	464.198	145.000	
Þjálfarar.....	411.800	165.000	
Annað.....	534.743		
	<u>8.784.898</u>	<u>310.000</u>	5
42000 Íslandsmót			
Húsaleiga.....			
Dómarar.....	5.912.560	5.434.376	
Verðlaun.....	419.900	95.550	
Útsending.....	488.741		
Ferðakostnaður	773.813	57.812	
Annað.....	1.006.457	1.679.434	5
	<u>8.601.471</u>	<u>7.267.172</u>	
43000 Yngriflokkamót			
Verðlaun.....	146.120	118.400	
Greitt til félaga.....	222.180		
Hæfileikabúðir.....	1.515.623		
	<u>1.883.923</u>	<u>118.400</u>	
45000 Strandblaksmót			
Verðlaun.....	0		
Dómarar.....	1.282.480		
annað.....	0		
	<u>1.282.480</u>	<u>0</u>	5
49000 EM smáþjóða			
heimaleikir EM.....	3.456.969		5
48500 Bikarmót			
Húsaleiga.....	218.700		
Dómarar.....	383.000	168.860	
Verðlaun.....	63.800	93.682	
Ferðakostnaður.....	370.915	23.154	
Auglýsingar til útsendinga.....	565.999	184.636	
Greitt til félaga.....	330.000		
Annað.....	210.838	155.271	
	<u>2.142.852</u>	<u>625.603</u>	5
Íþróttaleg viðskipti samtals	37.484.144	14.746.952	

Sundurliðanir

56000 kynning fræðsla útbreiðsla	2021	2020	
Ferðakostnaður o.fl.....	287.165	1.069.624	
Styrkir.....	631.000		
Skólablak.....	6.357.517	250.000	
Vettvangur íþróttar.....	360.000	286.360	
	<u>7.635.682</u>	<u>1.605.984</u>	
			6
	2021	2020	
Ýmislegt			
Ýmis kostnaður.....	81.038	3.889	7
Þjónustugjöld banka.....	72.741	29.279	7
Árgjöld NEVZA	80.570	86.268	7
Árgjöld CEV.....	67.167	39.163	7
Árgjöld FIVB.....	13.368	14.568	7
Árgjöld SCD.....	0	0	7
Afskrifaðar kröfur.....	0	0	7
Fyrningar.....	250.000	501.000	8
	<u>564.884</u>	<u>674.167</u>	
Fjárm.tekjur og gjöld			
Vaxtatekjur.....	61.704	124.628	9
Vaxtagjöld.....	(18.472)	(189.656)	10
Dráttarvextir.....	0	(26.694)	10
Gengismunur.....	(15.783)	2.712	10
Korta payments.....	(89.997)	(52.779)	10
Greiðslukortaóknun.....	(190.378)	(164.859)	10
Fjármagnstekjuskattur.....	(16.963)	(4.739)	10
	<u>(269.889)</u>	<u>(311.387)</u>	

Sundurliðanir

Eignir

	2021	2020	
Tölvubúnaður.....	346.086	346.086	11
Blakdúkur.....	250.000	500.000	12
Viðskiptakröfur inneign hjá félögum.....	165.000	165.000	13
Viðskiptakröfum sölukerfi.....	1.220.400	2.245.400	13
Aðrar skammtímakröfur.....	2.185.690	0	13
Greiðslumiðlun.....	49.217	32.966	13
Viðskiptareikningur ÍSÍ.....	2.987.841	3.252.758	13
Viðskiptareikningur ÍSÍ sjóðir.....	0	0	13
Reikningur 7570.....	3.755.199	5.648.198	14
Reikningur 4062.....	0	487	14
Vaxtasproti 491.....	178.997	0	14
Reikningur 2272 kvk landslið (88240).....	0	126	14
Reikningur 2271 kk landslið (88250).....	0	131	14
Reikningur strand 7571 (88260).....	787.052	339.231	14
Gjaldeyrisreikningur (88270).....	2.755.648	115.352	14
Vörslusafn ISB 95706 (89100).....	1.238.480	1.807.814	14
	<u>15.919.610</u>	<u>14.453.549</u>	

Skuldir

Reikningur 7570.....			16
			16
Viðskiptareikningur ÍSÍ.....			17
Ógreiddur kostnaður/aun.....			18
Ógreiddir tryggingargjald.....	(2.338.690)	(103.990)	19
Ógreidd staðgreiðsla.....	(71.341)	(315.120)	19
Ógreidd lífeyrissjóðsgjöld.....	(218.103)	(204.510)	19
Ógreitt meðlag.....	(36.845)	(35.565)	19
Ógreitt til stéttarfélaga.....	(24.364)	(23.867)	19
Endurgreiðsla mótagjalda.....	(139.500)	(3.769.000)	19
Korta.....	(50.015)	(7.242)	19
	<u>(3.087.458)</u>	<u>(4.459.294)</u>	

Eigið fé

Staða 1/1.....	9.994.255	3.800.537	
Afkoma ársins.....	2.837.897	6.193.718	
	<u>12.832.152</u>	<u>9.994.255</u>	15

Viðaukar

Listi yfir þá sem hlotið hafa heiðursmerki BLÍ

þann 14. júní 2020 höfðu eftirtaldir hlotið heiðursmerki BLÍ

Heiðursmerkishafar BLÍ – Gull	ár	Silfurmerkishafa BLÍ silfur	ár
John Framnes	1973	Arngrímur Þorgrímsson	
Albert H.N. Valdimarsson	1973	Jón Ólafur Valdimarsson	
Anton Bjarnason	1975	Stefán Jóhannesson	
Hermann Stefánsson	1974	Jason Ívarsson	
Ólafur Sigurðsson	1993	Leifur Harðarson	
Kjartan Páll Einarsson	1995	Björn Guðbjörnsson	
Guðmundur Arnaldsson	1995	Elma Guðmundsdóttir	
Gunnar Árnason	1997	Guðrún Kristín Einarsdóttir	
Halldór Jónsson	1997	Jón Árnason	
Grímur Magnússon	1997	Sigurður Arnar Ólafsson	
Stefán Jóhannesson	1999	Þorvarður Bragi Sigfússon	
Arngrímur Þorgrímsson	2001	Berglind Þórhallsdóttir	1997
Björn Guðbjörnsson	2001	Stefán Magnússon	1998
Valdimar Örnólfsson	2001	Vilborg Guðmundsdóttir	2004
Berglind Þórhallsdóttir	2002	Geir Guðnason	2004
Björgólfur Jóhannsson	2002	Ástríður Valbjörnsdóttir	2007
Leifur Harðarson	2002	Haukur Valtýsson	2008
Petrún Björg Jónsdóttir	2002	Gunnar Garðarsson	2008
Skjöldur Vatnar Björnsson	2002	Davíð Búi Halldórsson	2008
Þorvaldur Sigurðsson	2002	Viðar Gylfason	2008
Jónas Traustason	2003	Vigfús Örn Gíslason	2008
Dr. Ingimar Jónsson	2005	Zdravko Demirev	2009
Júlíus Hafstein	2006	Karl Sigurðsson	2009
Sigurður Arnar Ólafsson	2008	Ásta Sigrún Gylfadóttir	2011
Vignir Þróstur Hlöðversson	2008	Svala Vignisdóttir	2012
Guðmundur Helgi Þorsteinsson	2008	Kristján Geir Guðmundsson	2012
Jón Ólafur Valdimarsson	2012	Miglana Apostolova	2012
Guðrún Kristín Einarsdóttir	2012	Einar Sigurðsson	2012
Karl Sigurðsson	2012	Apostol Apostolov	2012
Ásta Sigrún Gylfadóttir	2014	Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir	2012
Einar Sigurðsson	2014	Brynjar Júlíus Pétursson	2012
Emil Gunnarsson	2018	Aðalsteinn Einar Eymundsson	2012
Fríða Sigurðardóttir	2018	Sævar Már Guðmundsson	2014
Jason Ívarsson	2019	Halldór Ingi Kárasen	2014
Vilborg Guðmundsdóttir	2020	Sigurlaugur Ingólfsson	2014
		Björg Ragna Erlingsdóttir	2014
		Hrafnhildur Theódórsdóttir	2014
		Óskar Hauksson	2015
		Hildur Mósesdóttir	2017
		Grétar Eggertsson	2016
		Filip Pawel Szczczyk	2018
		Una Kristjana Jónatansdóttir	2018
		Karl Matthías Valtýsson	2018
		Ólafur Jóhann Júlíusson	2018
		Árni Jón Eggertsson	2018
		Sigurbjörn Árni Arngrímsson	2018
		Mundína Ásdís Kristinsdóttir	2018

Silfurmerkishafa BLÍ silfur **ár**

Sunna Þrastardóttir	2019
Gunnþór Jens Matthíasson	2019
Andri Hnikarr Jónsson	2019
Sigríður Halldóra Pálsdóttir	2019
Brynja Guðjónsdóttir	2019
Hrafnhildur Brynjólfsson	2019
Magnús Haukur Ásgeirsson	2020
Heiða Ösp Jónsdóttir	2020
Halldór Elvarsson	2020
Eyrún Harpa Hlynisdóttir	2020
Auður Ösp Jónsdóttir	2020
Steinn Einarsson	2020
Arnar Már Sigurðsson	2021
Sigríður Þrúða Þórarinsdóttir	2021
Sigurður Jón Hreinsson	2021
Kristján Tryggvi Sigurðsson	2021
Marínó Þorsteinsson	2021

Leikmenn 50 landsleikir

Oddný Erlendsdóttir	1997
Birna Hallsdóttir	2007
Vignir Hlöðversson	2007
Emil Gunnarsson	2007
Ólafur Heimir Guðmundsson	2007
Fríða Sigurðardóttir	2007
Róbert Karl Hlöðversson	2009
Valur Guðjón Valsson	2009
Ingibjörg Gunnarsdóttir	2011
Elsa Sæný Valgeirsdóttir	2013
Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir	2015
Karen Björg Gunnarsdóttir	2016
Kristján Valdimarsson	2016
Hafsteinn Valdimarsson	2016
Alexander Stefánsson	2017
Hjördís Eiríksdóttir	2017
Erla Rán Eiríksdóttir	2019
Lúðvík Már Matthíasson	2019
Thelma Dögg Grétarsdóttir	2020

Heiðursformenn BLÍ

Albert H.N. Valdimarsson	2012
Dr. Ingimar Jónsson	2012
Tómas Tómasson	2012
Guðmundur Arnaldsson	2012
Björgólfur Jóhannsson	2012
Skjöldur Vatnar Björnsson	2012
Kjartan Páll Einarsson	2012
Arngrímur Þorgrímsson	2012
Björn Guðbjörnsson	2012
Stefán Jóhannesson	2012

Júlíus Hafstein
Jason Ívarsson

2012
2019

Viðaukar - Strandblak

Íslandsmeistarar frá upphafi strandblaks á Íslandi

Í karlaflokki:

2004 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
2005 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
2006 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
2007 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
2008 – Brynjar Pétursson og Michael Overhage
2009 – Emil Gunnarsson og Karl Sigurðsson
2010 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
2011 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
2012 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
2013 – Lúðvík Már Matthíasson og Theódór Óskar Þorvaldsson
2014 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson
2015 – Karl Sigurðsson og Guðmundur P. Guðmundsson
2016 – Hafsteinn Valdimarsson og Kristján Valdimarsson
2017 – Janis Novikovs og Austris Bukovskis
2018 – Austris Bukovskis og Sigþór Helgason
2019 – Sigþór Helgason og Miguel Mateo Castrillo
2020 – Emil Gunnarsson og Austris Bukovskis
2021 – Miguel Mateo Castrillo og Oscar Fernández

Í kvennaflokki:

2004 – Birna Baldursdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir
2005 – Birna Baldursdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir
2006 – Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir
2007 – Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir
2008 – Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir
2009 – Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir
2010 – Birna Baldursdóttir og Fríða Sigurðardóttir
2011 – Fríða Sigurðardóttir og Birta Björnsdóttir
2012 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
2013 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
2014 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
2015 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
2016 – Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir
2017 – Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir
2018 – Velina Apostolova og Perla Ingólfssdóttir
2019 – Hulda Elma Eysteinsdóttir og Paula Del Olmo
2020 – Matthildur Einarsdóttir og Sara Ósk Stefánsdóttir
2021 – Thelma Dögg Grétarsdóttir og Hjördís Eiríksdóttir

Fjöldi dæmdra leikja

2020-2021

Fjöldi

Alexander Arnar Þórisson	2
Angelica Orobio	14
Atli Freyr Björnsson	3
Árni Jón Eggertsson	36
Árni Kristjánsson	25
Bjarni Páll Vilhjálmsson	8
Guðný Rut Guðnadóttir	19
Guðrún Ósk Ólafsdóttir	18
Gunnar Garðarsson	26
Haraldur Örn Björnsson	3
Ismar Hadziredzepovic	35
Jason Ívarsson	21
Jón Ólafur Valdimarsson	17
Kristján Geir Guðmundsson	33
Marinó Þorsteinsson	35
Mateusz Klóska	12
Ólafur Jóhann Júlíusson	30
Sigríður Pálsdóttir	1
Sigurbjörn Árni Arngrímsson	21
Sigurður Jón Hreinsson	3
Sigurfinnur Líndal Stefánsson	6
Sólveig Pálsdóttir	6
Sævar Már Guðmundsson	51
Zdravko Demirev	40
Þorsteinn Guðnason	23
Þorvaldur Þorsteinsson	19
Alls	507